

Nd.

218. Frumvarp til laga

um friðun hreindýra.

Flm.: Hannes Jónsson

1. gr.

Hreinar eru friðhelgir 1. janúar til 1. ágúst og 15. september til 15. október ár hvert. Á öðrum tímum árs má veiða hreintarfa að fengnu sérstöku leyfi, samkv. 4. gr.

2. gr.

Ráðuneytið skipar menn til umsjónar með hreinum og hreinaveiðum, svo marga sem þörf álizt. Þóknun fyrir störf sín fá þeir umsjónarmenn úr rikissjóði.

3. gr.

Umsjónarmönnum er skylt að gera sér far um að kynna sér allt um viðhald og þrif hreinastofnsins, svo sem tölu dýra af hvoru kyni, lífnaðarhætti dýranna og lífsskilyrði, og orsakir þess, að stofninn hefir ekki vaxið. — Þeir skulu hafa sérstaka gæzlu á, að lögum þessum sé hlýtt og gefa ráðuneytinu einu sinni á ári skýrslu um störf sín og álit.

4. gr.

Umsjónarmönnum er heimilt að gefa leyfi til að veiða fullorðna hreintarfa, ef þeir álita það óhætt, eða gagnlegt fyrir þrif stofnsins. Leyfi séu skrifleg og gildi til einnar veiðifarar aðeins. Á leyfin skulu skráðar þær reglur og þau takmörk, sem veiðinni eru sett. Algert bann skal lagt við því að skjóta í hreinahópa og leggja við sömu sektir og við leyfislausu drápi hreindýrs.

Umsjónarmaður setur sérstakan eftirlitsmann með hverri veiðiför, ef hann er ekki til eftirlits sjálfur, til að gæta þess, að reglum veiðileyfis sé hlýtt. Leyfishafi kostar það eftirlit, enda er eftirlitsmanni skylt að aðstoða við veiðina.

Fyrir veiðileyfi greiðist 50 krónur, og auk þess 10 krónur fyrir hvert dýr, sem veitt er fram yfir eitt. — Gjaldið rennur í rikissjóð.

5. gr.

Ráðuneytið setur umsjónarmönnum reglur um störf þeirra, svo og reglur fyrir veiðinni, og ákveður þóknun fyrir föst störf umsjónarmanna. Sérstakur kostnaður við að komast árlega eftir stærð stofnsins og tölu dýra af hvoru kyni greiðist úr rikissjóði eftir reikningi umsjónarmanns, sem ráðherra samþykkir.

6. gr.

Fyrir hvert dýr skal sá, er brotlegur verður, gjalda 100 króna sekt, sem tvöfaldast við itrekun brots, allt að 400 krónum. Renna sektirnar að helmingi í sveitar-sjóð, þar sem brotið er framið, en hinn helmingurinn til uppljóstrarmanns.

7. gr.

Mál, sem rísa út af lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Síðustu löggin um friðun hreindýra féllu úr gildi 31. des. 1935. Kunnugir menn telja, að dýrin séu nú í fæsta lagi síðan þau voru alfriðuð fyrir aldarþriðjungi. — Sýnilega hefir hin eftirlitslausa alfriðun ekki náð þeim tilgangi, sem ætlað var og líklegur var, eftir því sem kunnugt er um þrif þeirra fyrst eftir að þau voru flutt til landsins. Er því nauðsynlegt að setja haldkvæmari friðunarákvæði fyrir hreindýrastofninn en þau, sem verið hafa, og er að því stefnt með þessu frumvarpi.

Þar sem hér er um að ræða löggjöf, sem þolir ekki bið, vænti ég þess, að afgreiðslu þessa frumvarps verði hraðað sem mest, og leitað verði afbrigða frá þingsköpum, ef með þarf, til þess að friðunarákvæði verði sett fyrir hreindýrin á þessu þingi.

Nánar í framsögu.